

Borgarráð Reykjavíkur
B.t. Bjarna Þóroddssonar
Ráðhúsinu, Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

12. nóvember 2018

**Svör við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins í borgarráði 25.10.2018:
Viðbrögð við úttekt Innri endurskoðunar á rekstri Félagsbústaða - R18100356**

Vísað er til niðurstöðukafla í skýrslu innri endurskoðenda frá júní 2012 á starfsemi Félagsbústaða og spurt hvort ábendingar sem þar koma fram hafi verið framkvæmdar.

1. „Að stjórn setji sér starfsreglur þar sem kveðið er á um framkvæmd starfa hennar, eins og segir í 20. gr. samþykktar fyrir Félagsbústaði hf. og í lögum um hlutafélög.“

Svar: Starfsreglur stjórnar Félagsbústaða hf. voru samþykktar á fundi stjórnar Félagsbústaða þann 7. desember 2017. Starfsreglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Félagsbústaða, www.felagsbustadir.is.

2. „Mælt er með því að stjórn Félagsbústaða setji starfsemi fyrirtækisins siðareglur, þar sem hlutverk þeirra er að draga fram megingildi starfseminnar. Þá er um leið auðveldara að bregðast við siðferðislegum álitamálum á vinnustað.“

Svar: Á stjórnarfundum Félagsbústaða þann 7. desember 2017 samþykkti stjórn leiðarljós fyrir starfsemi Félagsbústaða. Leiðarljósið sem fjallar um siðferðileg álitaefni og er sett fram í 6 liðum. Leiðarljósið tekur á samskiptum, samráði, siðgæði, jafnræði, virðingu, starfsskyldum, hæfni, ráðningum, hagsmunaárekstrum og trúnaði. Leiðarljósið er aðgengilegt á heimasíðu Félagsbústaða, www.felagsbustadir.is.

3. „Skerpa þarf á stöðu og hlutverki Félagsbústaða gagnvart snertiflötum við hlutverk Velferðarsviðs þar sem í samþykkt félagsins er annars vegar vísað í að fylgja eftir ákvæðum húsaleigulaga nr. 36/1994 en hins vegar að taka mið af skyldum sem á sveitarfélagi hvíla samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/199198.“

Svar: Þann 22. mars 2017 voru uppfærðar samþykktir fyrir Félagsbústaði samþykktar. Eigendastefna var samþykkt fyrir Félagsbústaði á fundi borgarstjórnar þann 8. maí 2018. Samþykktir fyrir Félagsbústaði eru aðgengilegar á www.felagsbustadir.is.

4. „Framsetning á framtíðarsýn og meginmarkmiðum þarf að vera skrifleg og aðgengileg starfsmönnum og í framhaldi af því séu skilgreindir lykilarangursmælikvarðar. Marka þarf

almenna innkaupastefnu, þar sem m.a. er mótuð stefna um samskipti við verktaka og birgja. Þannig má enn frekar byggja upp traust og gagnsæi í viðskiptaháttum.“

Svar: Ástæða er til að endurskoða markmið og gildi eins og þau eru sett fram á heimasíðu Félagsbústaða. Það mun verða gert á næstu misserum. Lykilárangursmælikvarðar liggja ekki fyrir skráðir en vinna við að skilgreina mælikvarða um árangur er meðal þeirra verkefna sem til stendur að ráðast í. Innkaupastefna er í vinnslu og verða fyrstu drög rædd í stjórn síðar í þessum mánuði.

5. „Mikilvægt er að eftirlit stjórnar og stjórnenda einskorðist ekki eingöngu við fjárhagslegt eftirlit og jafnframt sé litið til árangurs með tilliti til annarra markmiða. Mikilvægt er að framkvæmdaáætlun sé útfærð enn frekar, t.d. með tímaáætlun, brotin upp og taki tillit til fleiri lykilkátta í rekstri.“

Svar: Verkefnaáætlun þarf að sundurliða betur en nú er gert. Hafinn er undirbúningur að þessum þætti, m.a. með því að fara ítarlega yfir verkferla, viðhaldspörf og forgangsörðun, útboð vegna ákveðinna þátta í starfseminni, þjónustukannanir og fleiri atriði mætti nefna.


6. „Til að bæta starfseminna enn frekar gæti fyrirtækið þróað kerfisbundið áhættumat. Helstu áhættuþættir sem ógna markmiðum fyrirtækisins yrðu greindir og viðbrögð skilgreind, þ.e. viðunandi innri eftirlitsþættir innleiddir til að bregðast rétt og tímanlega við. Hjá Félagsbústöðum felst viss áhætta í því hve mikið fyrirtækið er háð þarfagreiningu Velferðarsviðs í allri sinni áætlunargerð. Endurskoða þarf uppbyggingu biðlista til þess að hann sýni brýna þörf á félagslegu húsnæði. Huga þarf að formlegri áhættugreiningu í tengslum við fjárstýringu félagsins.“

Svar: Áhættumat hefur verið þróað. Starfandi er sérstök áhættunefnd og gefin er út skýrsla ársfjórðungslega þar sem lagt er mat á áhættumælikvarða. Þá hefur biðlisti eftir húsnæði verið greindur ítarlegar og lagt mat á hversu brýn þörf fyrir húsnæði er.

7. „Nauðsynlegt er að stjórn og stjórnendur Félagsbústaða vinni úr athugasemdum ytri endurskoðenda þar sem m.a. er bent á að: 1. Stjórn Félagsbústaða þurfi að setja sér upplýsingaöryggisstefnu og öryggishandbók. Nauðsynlegt er að allar verklagsreglur, ferlar og lýsingar séu skilgreindar og skjalfestar. 2. Skilgreina þarf ábyrgðarskiptingu milli framkvæmdastjóra og kerfisstjóra, varðandi rekstrar- og aðgangsoyrggi upplýsingakerfa og áreiðanleika gagna. Slík vinna myndi skila félaginu haldgóðri upplýsingahandbók um upplýsingatæknimál og upplýsingaöryggismál.“

Svar: Áhersla er lögð á að tryggja upplýsingaöryggi Félagsbústaða og fyrir liggja drög að upplýsingastefnu sem lögð verður fyrir stjórn til umfjöllunar og afgreiðslu á næstu vikum. Unnið er að skráningu verkferla um meðhöndlun upplýsinga, upplýsingaöryggi og aðgangsstýringu að upplýsingakerfum. Aðgangsoyrggi og skilgreiningar á ábyrgðarskiptingu milli framkvæmdastjóra og kerfisstjóra er ljós en á þó eftir að skjalfesta aðgangsoyrggið og ábyrgðarskiptinguna.

Virðingarfyllt,


Sigrún Árnadóttir, starfandi framkvæmdastjóri.